

AUGLÝSING

um reglur um innritun og útskrift grunnskólanemenda úr sérdeild Suðurlands.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 20. gr. reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015, hefur mennta- og menningarmálaráðherra hinn 20. ágúst 2019 staðfest reglur um innritun og útskrift nemenda úr sérdeild Suðurlands. Reglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Reglurnar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar hinn 21. febrúar 2018.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi starfsreglur um innritun og útskrift nemenda úr sérdeild Suðurlands, dagsettar 20. maí 2014.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 20. ágúst 2019.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Ásta Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

REGLUR um innritun og útskrift nemanda.

Þjónustusamningur:

1. Sérdeild Suðurlands starfar skv. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla á grundvelli þjónustusamnings milli Sveitarfélagsins Árborgar, Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
2. Á grundvelli þjónustusamningsins eiga sveitarfélög á Suðurlandi, sem aðild eiga að skólaþjónustu Árborgar, Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Velferðar- og skólaþjónustu Árnesþings, rétt á að sækja um skólavist í sérdeildinni fyrir nemendur sem falla undir inntökuskilyrði.

Fagráð:

1. Við sérdeild Suðurlands starfar fagráð sem skipað er skólastjóra Sunnulækjarskóla (formaður), deildarstjóra sérdeildar, sérfræðingi frá Skólaþjónustu Árborgar, sérfræðingi frá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og sérfræðingi frá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Fagráð hefur faglegt eftirlitshlutverk með starfi deildarinnar og fjallar um allar umsóknir sem berast til sérdeildar. Fagráð getur kallað til utanaðkomandi sérfræðinga í einstökum málum, sbr. 2. gr. verklagsreglna fagráðs.

Inntökuskilyrði:

2. Í 2. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015, kemur fram að nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
3. Við mat á umsóknum er tekið mið af fyrirliggjandi greiningu um fötlun nemandans frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, barna- og unglingsgeðdeild eða öðrum viðurkenndum greiningar-

aðilum. Einnig er tekið mið af mati á námslegri og félagslegri stöðu nemandans og óskum foreldra og nemandans að teknu tilliti til aldurs og þroska. Þá er tekið mið af mati á heildrænni þjónustuþörf og réttindum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Málsmeðferð:

4. Deildarstjóri sérdeildar skal senda út umsóknareyðublöð til allra grunnskóla á Suðurlandi í febrúar. Umsóknir skulu berast deildinni eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Fagráð fjallar um umsóknir um miðjan apríl fyrir næsta skólaár.
5. Mögulegt er að sækja um nám við deildina tvo, þrjá eða fimm daga skólavikunnar. Hlutverk sérdeildar er að veita nemendum með sérþarfir, fjölbreytt nám í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, í samvinnu við heimaskóla skv. 3., 4. og 8. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015. Áhersla skal lögð á að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra.
6. Sérdeild Suðurlands veitir jafnframt kennslufræðilega ráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra á Suðurlandi vegna nemenda með sérþarfir sem stunda nám í sínum heimaskólum, skv. 16. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015. Komi til umfangsmeiri ráðgjafar í formi íhlutunar á kennsluháttum, þátttöku við uppsetningu á kennsluskipulagi og stuðningi við teymisvinnu, skulu greiðslur fara samkvæmt 7. gr. þjónustusamnings Sveitarfélagsins Árborgar við Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
7. Afgreiðslu umsókna vegna komandi skólaárs skal vera lokið 31. maí ár hvert. Berist umsókn á miðju skólaári metur fagráð þær jafnóðum með tilliti til aðstæðna hverju sinni. Stefnt skal að því að mæta þörfum nemenda, á þjónustusvæðinu, fyrir sérhæfða þjónustu. Fjöldi nemenda í sérdeild fari þó eftir eðli fötlunar nemenda og aðstæðum hverju sinni.
8. Deildarstjóri skal senda foreldrum og heimaskóla rökstudda staðfestingu á afgreiðslu fagráðs þar sem gerð er grein fyrir samþykktu námstilboði og tilhögun samstarfs heimaskóla og sérdeildar.
9. Móttökuáætlun skal gerð, í samræmi við 9. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015, fyrir nemendur sem eru að hefja skólagöngu eða að byrja nám við deildina. Í slíkri áætlun skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við foreldra. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tólmstundastarfi skólans. Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans. Móttökuáætlun skal unnin af fulltrúum í teymi nemandans og í samstarfi við fagfólk í leik- eða grunnskóla sem nemandinn er að flytjast frá.
10. Komi til þess að fagráð synji umsókn skal sú ákvörðun rökstudd ítarlega þar sem afstaða er tekin til allra þeirra sjónarmiða sem færð hafa verið fram í málinu og hvernig þau varða heildarhagsmuni barnsins skv. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015.
11. Ákvörðun fagráðs skv. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015, er kæránleg til mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 47. gr. laga um grunnskóla, sbr. 9. gr. breytingarlaga nr. 76/2016.
12. Við miðlun, meðferð og skráningu persónuupplýsinga skal taka mið af reglum um persónuvernd og friðhelgi einkalífs skv. lögum um um persónuvernd nr. 77/2000 og reglugerð um miðlun og

meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, nr. 897/2009. Foreldrum er skylt að veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir nám og velferð barnsins.

Innritun:

13. Ef foreldrar, skólastjórnendur og sérfræðingar, telja að það henti hagsmunum barnsins betur að stunda nám í sérdeild, geta foreldrar og heimaskóli sótt um nám við sérdeild Suðurlands í samræmi við 19. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015.
14. Heimaskóli og foreldrar sem hyggjast sækja um skólavist fyrir barn sitt skulu setja sig í samband við deildarstjóra sérdeildar og fá kynningu á deildinni með heimsókn foreldris og barns, áður en formleg umsókn er send.
15. Umsókn um innritun í sérdeild skal berast frá skólastjóra heimaskóla nemanda til deildarstjóra sérdeildar. Skal hún undirrituð af foreldri/forráðamanni og fulltrúa sveitarfélags. Á umsóknar-eyðublaði er kallað eftir ítarlegum upplýsingum um stöðu og þarfir nemandans. Með umsókn skulu fylgja allar bakgrunnsupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir faglega umfjöllun og mat og skal það gert með fullu samþykki foreldra skv. 20. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015.
16. Í samræmi við 4. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015, er nemanda gefin kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
17. Nemendur deildarinnar eru áfram innritaðir í sinn heimaskóla. Í flestum tilvikum heldur nemandinn áfram námi með sínum bekk, hluta úr degi eða hluta úr viku.

Útskrift:

18. Ef það er mat fulltrúa í teymi nemandans að nemandinn fái betur notið náms og kennslu í heimaskóla og útskrifast þar með úr sérdeild, geta skólastjórnendur í heimaskóla óskað eftir reglubundinni ráðgjöf, sbr. 6. gr. þessara reglna, um innritun og útskrift.
19. Gera skal einstaklingsbundna tilfærsluáætlun fyrir nemendur vegna fyrirhugaðs náms í framhaldsskóla, skv. 17. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, námslega stöðu, þörf fyrir aðlögun í námi og námsaðstæðum og áform hans um frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Tilfærsluáætlun skal unnin af fulltrúum í teymi nemandans og í samstarfi við framhaldsskólann sem nemandinn stefnir á að stunda nám við.

Um reglur:

1. Reglur þessar um innritun og útskrift nemenda eru settar á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015 og skv. 2. gr. þjónustusamnings Sveitarfélagsins Árborgar við Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Með staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis á reglum þessum falla úr gildi starfsreglur frá 20. maí 2014.
2. Reglurnar taka gildi við staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.